

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1941, til þess 4  
að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 2. jan.

*Landbúnaðarráðuneytið, 2. janúar 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

5

2. jan.

um notkun heimildar laga nr. 93 9. júlí 1941, um innheimtu á ýmsum  
gjöldum árið 1942 með viðauka.

Hér með auglýsist, að ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 93 9. júlí 1941  
og innheimta með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem eru taldar  
í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75  
27. júní 1921.

Viðaukinn reiknast á þann hátt, sem segir í 1. mgr. 2. gr. fyrrnefndra laga.

*Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

## AUGLÝSING

6

3. jan.

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við  
samþykkt nr. 92 frá 2. september 1935, um viðauka við lögreglusamþykkt  
fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lög-  
reglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

### SAMÞYKKT

um viðauka við samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt  
fyrir Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist: ...; af biósýningum greiðist 20 krónur af hverri sýningu.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*